

1985 nr. 51 24. júní**Lög um ríkislögmann**

Tóku gildi 1. janúar 1986. *Breytt með* 1. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), 1. 7/1999 (tóku gildi 5. mars 1999), 1. 47/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006) og 1. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **forsætisráðherra** eða **forsætisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Embætti ríkislögmans er sjálfstæð stofnun og heyrir undir [stjórnarráðið].¹⁾

□ [Ráðherra skipar ríkislögmán til fimm ára í senn.]²⁾ Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Hann skal enn fremur hafa réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

¹⁾ L. 7/1999, 1. gr. ²⁾ L. 83/1997, 45. gr.

■ **2. gr.** Ríkislögmaður fer með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði. Ráðherrar geta óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.

□ Ríkislögmaður fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.

□ Ríkislögmaður gerir fyrir hönd ríkisins kröfur einkaréttarlegs eðlis í [sakamálum].¹⁾

□ Utan starfssviðs ríkislögmans falla dómsmál sem ríkisbankar eða fjárfestingarlánasjóðir í eigu ríkisins eiga aðild að. Enn fremur dómsmál til innheimtu opinberra gjalda, orlofsfjár, viðskiptaskulda eða hliðstæðra krafna nema ráðherra, sem hlut á að máli, óski atbeina ríkislögmans við meðferð einstakra mála. Hið sama gildir um mál sem rekin eru fyrir [kjararáði].²⁾

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr. ²⁾ L. 47/2006, 13. gr.

■ **3. gr.** Við embætti ríkislögmans starfa auk hans ...¹⁾ lögfræðingar sem ríkislögmaður getur falið einstök mál sem embættið hefur til meðferðar enda fullnægi þeir lagaskilyrðum til að flytja slík mál.

□ Ríkislögmaður getur enn fremur falið hæstaréttar- eða héraðsdómsslögmönnum utan embættisins meðferð einstakra mála að fengnu samþykki þeirrar ríkisstofnunar sem hlut á að máli.

¹⁾ L. 83/1997, 46. gr.

■ **4. gr.** Ráðherra getur með reglugerð¹⁾ kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um skiptingu kostnaðar af málefnum sem ríkislögmanni eru falin.

¹⁾ Rg. 111/2008.

■ **5. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.